



Akraneskaupstaður



# Viðbragðsáætlun Teigasels



Hvernig bregðast á  
við áföllum af  
ýmsum toga

# Efnisyfirlit

Viðbragðsteymi _____	2
Eldsvoði _____	3
Jarðskjálfti _____	5
Fárviðri _____	6
Eldingar _____	7
Andlát nemanda/starfsmanns _____	8
Alvarlegt slys nemanda/starfsmanns _____	9
Alvarleg veikindi nemanda/starfsmanns _____	10
Eiturefni _____	11
Grunur um ofbeldi eða misnotkun _____	12
Fylgiskjal 1 _____	13
Fylgiskjal 2 _____	14

# Viðbragðsteymi

---

## Hlutverk viðbragðsteymis

- Í viðbragðsteymi leikskólans eru skólastjórnendur, þ.e. skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar.
- Að samhæfa viðbrögð og úrræði í tengslum við áföll tengd nemendum og/eða starfsmönnum skólans.
- Er stuðningur við framkvæmd þeirra viðbragða og úrræða sem gripið er til.
- Stjórnendur skólans virkja teymið þegar áföll verða og skólastjórar telja nauðsynlegt að grípa til samhæfðra aðgerða. Einnig geta skólastjórar kallað til utanaðkomandi aðila til að aðstoða eða styðja við teymið, s.s. sérfræðipjónustu, prest og/eða heilsugæslu.
- Starfi teymisins lýkur þegar það metur aðstæður þannig að brugðist hafi verið við og unnið úr áfalli, að því marki að líf og starf hlutaðeigandi er komið í venjubundnar skorður og búið er að tryggja að einstökum þáttum áfallsins verði tryggð eftirfylgd.
- Ef fjölmiðlar sýna málinu áhuga skal í öllum tilvikum vísa á leikskólastjóra eða staðgengil hans. Aðeins þeir hafa umboð til að veita upplýsingar til utanaðkomandi aðila.

## Fyrsti fundur í viðbragðsteymi

### Skilgreina atburð:

- Fá atburð staðfestan.
- Kortleggja hverjir tengjast atburðinum (sjá fylgiskjal nr. 1, bls. 13)
- Meta hvort kalla þurfi til utanaðkomandi aðila (lögregla, prestur, læknir, sálfræðingur o.s.frv.)

### Skilgreina næstu skref:

- Hvað gerum við núna? Á að halda starfsmannafund?
  - Hvað gerum við í dag?
  - Hvað gerum við á morgun?
  - Hvað gerum við í vikunni?
  - Hvert er framhaldið?
- Þarf að tilkynna út fyrir skólann?
  - Heimili
  - Framkvæmdastjóri fjölskyldustofu.
  - Lögregla
  - Sýslumaður / umsjá almannavarna
- Skipta niður verkefnum og ákveða hvenær teymi hittist aftur.

# Eldsvoði

---

## *Bjarga - Kalla á hjálp - Slökkva*

**Ef öryggiskerfi leikskólans fer í gang fer eftirfarandi ferli af stað.**

### **Fyrstu viðbrögð**

Leikskólastjóri eða staðgengill hans slekkur á kerfinu og gengur úr skugga um hvaðan brunaboðin berast. Hann fer síðan á það svæði og gengur úr skugga um hvort um bruna er að ræða eður ei og tekur í framhaldi af því ákvörðun um hvort rýma eigi bygginguna. Hann hefur síðan samband við Securitas í síma 580-7000, tilkynnir um eðli ástandsins. Ef um eld er að ræða skal hringja strax í 1 1 2

***Eftir kl. 16:00 hafa starfsmenn á Miðteigi það hlutverk að aðgæta neyðarbjölluna***

### **Rýming**

- Ef upp kemur sú staða að rýma þurfi bygginguna þarf leikskólastjóri (eða staðgengill) að gefa það til kynna með því að endurræsa neyðarbjöllu. **Þegar neyðarbjalla er endurræst, á að rýma húsið strax og þá tekur við rýmingaráætlun.**

### **Rýmingaráætlun:**

#### **Tilgangur og afmörkun:**

Að allir starfsmenn séu öruggir og vel undirbúnir ef bruni verður

#### **Ábyrgð:**

Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð.

#### **Verklag:**

Þrjú brunahólf eru í húsinu:

1. Miðteigur, salur, salargeymsla og undirbúningsherbergi.
2. Háteigur og sérkennsla
3. Teigakot, eldhús, kaffistofa, skrifstofa, þvottahús.

## Deildir:

Börn og starfsfólk af Teigakoti og Miðteig skal safnast saman í suðvesturhluta garðsins, nánar tiltekið við það girðingarhlið sem snýr að Akurgerði. Börn og starfsfólk af Háteig skal safnast saman í göngustígnum að Merkigerði

Deildarstjóri og/eða staðgengill hans, tekur mætingalista, fer með börnin út og athugar hvort einhvern vanti. Aðrir starfsmenn sjá til þess að öll herbergi á deildinni séu rýmd (að meðtöldum geymslum og salernum), og loka hurðum á þeim rýmum sem hafa verið tæmd.

*Ekki má tefja björgunarstarf með því að bjarga hlutum eða freista þess að klæða t.d. börnin í skó.*

## Miðrymi/þjónusturými

**(skrifstofa, eldhús, kaffistofa, þvottahús, salur, undirbúningur, sérkennsla):**

Leikskólastjóri og/eða starfsfólk í eldhúsi (miðsvæði) sjá til þess að öll herbergi og geymslur séu rýmdar (kaffistofa, þvottahús, eldhús, snyrting, salur, salargeymsla og undirbúningsherbergi).

Ef slökkvilið er ekki komið á svæðið þegar húsið hefur verið rýmt, skal athuga hvort hægt er að slökkva eldinn með brunaslöngu eða slökkvitæki. Gerið það ekki nema þið vitið hvernig á að standa að því og leggið aldrei eigin líf eða líf annarra í hættu.

## Leikskólastjóri og/eða staðgengill hans stjórna aðgerðum

***Munið að halda ró ykkar og hafa stjórn á hlutunum.***

## Slökkvilið tekur við stjórnun aðgerða þegar það kemur á staðinn

- Hringt er á hjálp úr eldhúsi eða skrifstofu.
- Starfsmenn bera ábyrgð á þeim börnum sem eru í þeirra umsjón . Aldrei skal skilja börn eftir ein þótt starfsmenn fari og aðstoði á öðrum deildum.

# Jarðskjálfti

## krjúpa - skýla - halda



Fara út í horn, KRJÚPA þar og SKÝLA höfðinu með annarri hönd og HALDA sér með hinni. Samt verður að passa sig á því að ekkert sé nálægt sem getur dottið á þig.

Eða...

Fara undir borð, KRJÚPA þar, SKÝLA höfðinu með annarri hönd og HALDA um borðfót með hinni

Eða...



Fara í opnar dyr, KRJÚPA í gættinni, SKÝLA höfðinu með annarri hönd og HALDA um dyrakarm með hinni.

***Ekki hlaupa um stefnulaust innandyra***

***Eða hlaupa út í óðagoti***

***Munið:***

***Á neyðartímum er síminn öryggistæki og skal einungis notaður í neyð.***

***Hafið símtöl eins stutt og hægt er.***

# Fárviðri

---

**Fárviðri telst þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek. (12 vindstigum).**

**Þegar spáð er ofsaveðri eða fárviðri:**

- Heftið fok lausra muna.
- Fullvissið ykkur um að öllum gluggum og hurðum sé tryggilega lokað.

**Á meðan fárviðri geisar:**

- Dveljið innandyra á meðan fárviðri geisar og þá hlémegin í húsinu.
- Lokið hurðum í þeim herbergjum sem eru áveðursmegin og eru ekki notuð.

***Munið að halda ró ykkar og hafa stjórn á hlutunum.***

# Eldingar

---

Ef þrumuveður með eldingum gengur yfir skal gera eftirfarandi:

## Utanhúss:

- Forðist vatn og alla málmhluti s.s. girðingar o.s.frv.
- Leitið skjóls í stærri byggingar eða í bíl. Hafið glugga lokaða.

## Innanhúss:

- Forðist vatn. Haldið ykkur fjarri útidyrum og gluggum. Notið hvorki síma né heyrnartól.
- Takið loftnet og rafmagnstæki s.s. tölvur og sjónvarpstæki úr sambandi.

Ef grunur leikur á að eldingu slái niður í nágrenninu:

- Standið í fæturna, hniprið ykkur saman og styðjið höndum á hnén. Leggist ekki flöt.
- Ef þið eruð í bíl, haldið kyrru fyrir og ekki reyna að opna hurð eða yfirgefa ökutækið á annan hátt.

***Rafspenna situr ekki í þeim sem hefur orðið fyrir eldingu og því má veita nauðsynlega aðstoð strax. Veitið skyndihjálp og hringið í 112***



# Andlát nemanda/starfsmanns

---

## Fyrstu viðbrögð

- Leikskólastjóri/staðgengill fær staðfestingu á andláti. Treystið ekki óstaðfestum fregnum. Leikskólastjóri hefur samband við lögreglu, prest eða sjúkrahús og e.t.v. aðstandendur.
- Leikskólastjóri kallar viðbragðsteymi skólans saman (sjá bls. 2). Viðbragðsteymi fundar eins oft og þurfa þykir á næstu dögum.

## Sama dag (sé þess kostur)

- Leikskólastjórar kallar alla starfsmenn skólans saman þar sem þeim er tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum.
- Deildarstjórar tilkynni andlát nemandans/starfsmanns í samverustundum.
- Bréf sent til foreldra/aðstandenda barna þar sem greint er frá andláti nemandans/starfsmanns (sjá fylgiskjal 2, bls. 14).
- Leikskólastjóri fær prest til að vera með stutta minningarstund með starfsfólki.

## Á næstu dögum

- Minningarstund á sal
- Mikilvægt að aðstandendur hins látna verði látnir vita af fyrirhugaðri minningarstund.
- Við andlát starfsmanns eða ef starfsmaður missir nánasta ættingja bjóða þeir starfsmenn sem tök hafa á fram aðstoð sína við útför (t.d. að baka). Um samúðargjafir til starfsmanna gilda reglur starfsmannasjóðs.

### **ATHUGIÐ!**

***Börn í leikskóla hafa þörf fyrir eitthvað áþreifanlegt til að vinna úr sorg sinni s.s. mynd af hinum látna. Gæta þarf þess að láta fatahengi og/eða sæti hins látna standa autt um tíma.***

**Mikilvægt er að starfsfólk deildarinnar fá þann stuðning**

**og hjálp sem það þarf á að halda.**

# Alvarlegt slys nemanda/starfsmanns

---

## Fyrstu viðbrögð

- Ef slysið gerist utan leikskólans, fær leikskólastjóri/staðgengill staðfestingu á því og hefur samband við lögreglu, prest eða sjúkrahús og e.t.v. aðstandendur.
- Leikskólastjóri kallar viðbragðsteymi skólans saman (sjá bls. 2). Viðbragðsteymi fundar eins oft og þurfa þykir á næstu dögum.
- Leikskólastjóri kallar alla starfsmenn saman þar sem þeim er tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Gæta þarf þess að allir starfsmenn fái fregnirnar eins fljótt og auðið er.

## Sama dag (sé þess kostur)

- Deildarstjórar segi börnunum frá slysinu í samverustundum.
- Bréf sent til foreldra/aðstandenda barna þar sem greint er frá slysinu (sjá fylgiskjal 2, bls. 14)
- Leikskólastjóri fær prest eða áfallateymi til að veita starfsfólki áfallahjálp.

## Á næstu dögum

- Börnin geri mynd (gjöf) til að færa nemandanum/starfsmanninum með kveðju um góðan bata.
- Undirbúa vel endurkomu nemandans/starfsmannsins í leikskólann.

# Alvarleg veikindi nemanda/starfsmanns

---

## Fyrstu viðbrögð

- Leikskólastjóri/staðgengill fær staðfestingu á fregnum af veikindum viðkomandi. Treystið ekki óstaðfestum fregnum. Leikskólastjóri hefur samband við aðstandendur.
- Leikskólastjóri kallar viðbragðsteymi skólans saman (sjá bl. 2). Viðbragðsteymi fundar eins oft og þurfa þykir á næstu dögum.
- Leikskólastjóri kallar alla starfsmenn saman þar sem þeim er tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Gæta þarf þess að allir starfsmenn fái fregnirnar eins fljótt og auðið er.

## Á næstu dögum

- Deildarstjórar segi börnunum frá veikindum nemanda/starfsmanns í samverustundum.
- Leikskólastjóri fær prest eða áfallateymi til að veita starfsfólki áfallahjálp.
- Börnin geri mynd (gjöf) til að færa nemandanum/starfsmanninum með kveðju um góðan bata.
- Undirbúa vel endurkomu nemandans/starfsmannsins í leikskólann.

# Eiturefni

---

## Fyrstu viðbrögð

- Leiðir eiturefna inn í líkamann
  - Um munn.
  - Um húð.
  - Um lungu.



## Hafið eftirfarandi atriði í huga

- Stærð og aldur einstaklingsins.
- Tegund og magn eiturefnis.
- Hvernig eitrið barst inn í líkamann.
- Hversu langt er frá því að eitrunin varð.

## Hvað gerirðu?

- Tryggðu öryggi þitt og þess slasaða.
- **Hringdu í Neyðarlínuna 112 og fáðu samband við Eitrunarmiðstöð Landspítalans (bein lína 543 2222) og farðu eftir leiðbeiningum sérfræðinga.**
- Geymdu lyfjaglös, plöntur eða jafnvel ælu frá viðkomandi til að hægt sé að bera kennsl á eitur efnið.
- Leggðu viðkomandi í hliðarlegu.
- Fylgstu með meðvitund og öndun.

***Eitrunarmiðstöð Landspítalans***

**543 2222**

# Grunur um ofbeldi eða misnotkun

---

## Fyrstu viðbrögð

Ef grunur vaknar um misnotkun eða ofbeldi á barni skal það tilkynnt leikskólastjóra, **strax**.


Leikskólastjóri tilkynnir til barnaverndaryfirvalda (starfsmanna barnaverndarnefndar) sem sker úr um hvort grunur sé á rökum reistur.

Ávallt er unnið með þessi mál í fullu samráði við barnaverndaryfirvöld, þar sem hagsmunir barnsins eru hafðir í fyrirrúmi.

### **ATHUGIÐ!**

***Mikilvægt er að gæta fyllsta trúnaðar og ræða ekki þessi mál við aðra, því slíkt getur skaðað réttarstöðu barnsins.***

## Hverjir tengjast atburði?



## Fylgiskjal 1



Akraneskaupstaður



Dags. \_\_\_\_\_

Til foreldra og forráðamanna barna í Teigaseli.

Kæru foreldrar / forráðamenn.

Sá sorglegi / dapurlegi gerðist í gær / \_\_\_\_ að \_\_\_\_\_

Deildarstjórar hafa sagt nemendum frá þessum atburði í morgun / dag og rætt við þá eins og þroski þeirra leyfir.

Haldin var minningarstund þar sem kveikt var á kerti við mynd af \_\_\_\_\_

Farið var með bæn og sunginn sálmur, en jafnframt var sungið uppáhaldslag hans / hennar sem var \_\_\_\_\_

Leyfið barninu að ræða atburðinn, en það hjálpar því að vinna úr þessari reynslu.

Með kærri kveðju.

\_\_\_\_\_  
Íris Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri

**Fylgiskjal 2**